

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða staðfestingargerð er úr gildi felld.

Stefnt Útbú Landsbanka Íslands á Eskifirði greiði áfrýjanda, Jóni Þór Sigtryggssyni, 120 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. marz 1936.

Nr. 85/1935. **Eggert Claessen f. h. Fremri-Torfu-
staðahrepps** (Eggert Claessen)
gegn

**Ólafi Þorgrímssyni f. h. Geðveikra-
hælisins á Kleppi**
(Garðar Þorsteinsson).

Hreppur sýknaður að svo stöddu af kröfu um greiðslu meðlags með geðveikrasjúklingi.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 20. apríl 1935: Stefnð, hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps f. h. hreppsins greiði stefnandanum, Ólafi Þorgrímssyni f. h. Geðveikra-hælisins á Kleppi kr. 2740.50 með 5% ársvöxtum frá 7. maí 1934 til greiðsludags og kr. 253.30 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Geðveikissjúklingur sá, Sigfríður Ásta Bjarna-dóttir, sem í máli þessu getur, var samkvæmt vottorði læknisins í Miðfjarðarhéraði, dags. 24. sept.

1924, talin berklaveik og send á berklahælið á Vífilsstöðum. Við rannsókn þar reyndist hún ekki berklaveik, en strax í byrjun ársins 1925 varð hún geðveik og var flutt á eldra geðveikrahælið á Kleppi. Hefir hún verið á nefndu hæli stöðugt síðan. Sjúkrakostnaður hennar vegna á Kleppi hefir, samkvæmt yfirlýsingu gjaldkera ríkisspítalanna, verið greiddur til ársloka 1927 af þeim, sem fjárreiður sjúklings þessa höfðu með höndum. Með því að sjúkrakostnaðurinn galzt ekki eftir 1. janúar 1928, krafði geðveikrahælið oddvita Fremri-Torfustaðahrepps um greiðslu, en hann neitaði greiðslunni og að viðurkenna sveitfesti greindrar konu þar í hreppnum. Af þessum sökum snéri yfirlækninn á Kleppi sér til sýslumannsins í Húnavatns-sýslu og beiddist úrskurðar hans í málinu. Féll sá úrskurður 14. janúar 1930 á þá leið, að umtöluð Sigfríður Ásta Bjarnadóttir skyldi talin sveitlæg í Torfustaðahreppi hinum forna og var téðum hreppi gert að skyldu að greiða geðveikrahælinu á Kleppi sjúkrakostnað þann, sem þá var fallinn í gjalddaga vegna konu þessarar. Þessi niðurstaða sýslumanns byggist á því, að Torfustaðahreppi hinum forna var 26. maí 1876 skipt í tvo hreppa, Fremri-Torfustaðahrepp og Ytri-Torfustaðahrepp, að þá var m. a. ákveðið að skipta jafnt milli hinna nýju hreppa ómögum hins forna hrepps, að Sigfríður er fædd 28. júní 1865 að Þverá í Torfustaðahreppi hinum forna og að ósannað væri, að hún hefði unnið sér sveitfesti annarsstaðar en í fæðingarhrepp sínum. Hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps, sem ekki hafði verið gefinn kostur á að taka afstöðu til máls þessa, fékk úrskurð sýslumanns í hendur snemma í febrúar 1930. Sam-

kvæmt 65. gr. fátækralaga nr. 43 frá 1927 gat hreppsnefndin áfrýjað úrskurðinum til ráðherra innan 6 vikna frá því úrskurðurinn varð henni kunnur. Þennan áfrýjunarfrest lét hún hjá líða, þar eð hún skaut úrskurðinum fyrst með bréfi, dags. 10. nóv. 1930, til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. Féll úrskurður ráðuneytisins 11. desember 1931, og var niðurstaðan sú, að oftgreind kona skyldi teljast sveitlæg í Fremri-Torfustaðahreppi, og var sá hreppur skyldaður til að greiða geðveikrahælinu sjúkrakostnað hennar. Hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps neitaði allt að einu að greiða. Var mál þetta þessvegna höfðað fyrir gestarétti Reykjavíkur af Ólafi Þorgrímssyni f. h. Geðveikrahælisins á Kleppi gegn hreppsnefnd téðs hrepps f. h. hreppsins. Var málið dæmt 20. apríl f. á. með þeim úrslitum, að stefnda í héraði var dæmd til að greiða stefnanda þar kr. 2740.50 með 5% ársvöxtum frá 7. maí 1934 til greiðsludags og kr. 253.30 í málskostnað. Samkvæmt sundurliðuðum reikningi gjaldkera ríkisspítalanna, sem lagður hefir verið fram í hæstarétti, er hin dæmda fjárhæð dvalarkostnaður Sigfríðar á Kleppi frá 1. jan. 1928 til 31. des. 1932 að báðum dögum og hlaupársdögum meðtöldum, alls 1827 dagar á kr. 1,50 fyrir hvern dag. Stefnandi í héraði lét síðan gera fjárnám fyrir dómskuld þessari í fógetarétti Húnavatnssýslu hinn 1. ágúst 1935. Var fjárnám gert í þremur afréttarlöndum Fremri-Torfustaðahrepps svo og útistandandi útsvörum.

Greindum gestaréttardómi og fjárnámssgerð hefir áfrýjandi, Eggert Claessen f. h. Fremri-Torfustaðahrepps, skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 12. september 1935, og gert þær réttarkröf-

ur aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að Fremri-Torfustaðahreppur verði algerlega sýknaður af kröfu stefnda og fjárnámsgerðin felld úr gildi, til vara, að Fremri-Torfustaðahreppur sé aðeins dæmdur til að greiða kr. 1423.50 án vaxta og fjárnámsgerðin felld úr gildi að því er varðar hærri fjárhæð. Hvernig sem málið fer, krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir undir- og hæstarétti eftir mati réttarins.

Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest, en til vara að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1370.25. Er varakrafa þessi miðuð við það, að úrskurður sá, sem sýslumaður Húnavatnssýslu kvað upp 14. janúar 1930, sé lagður til grundvallar þannig, að Fremri-Torfustaðahreppi beri að greiða helming sjúkrakostnaðarins og Ytri-Torfustaðahreppi hinn helminginn. Loks krefst stefndur málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Áfrýjandi tekur fram til styrktar aðalkröfu sinni, að ráðuneytið hafi farið út fyrir embættistakmörk sín með því að kveða upp úrskurð um sveitfesti oftgreindrar konu eftir að áfrýjunarfrestur á úrskurði sýslumanns var liðinn. Auk þess kveður áfrýjandi Fremri-Torfustaðahrepp aldrei hafa tekið ábyrgð á dvöl konu þessarar á Kleppi. Varakrafa áfrýjanda er miðuð við, að nokkur hluti fjárkröfunnar sé fyrndur.

Samkvæmt 55. gr. stjórnarskrárinnar eiga dómstólarnir rétt á að dæma um embættistakmörk yfirvalda. Það verður nú að fallast á það hjá áfrýjanda, að ráðuneytið hafi farið út fyrir embættistakmörk sín með því að fella úrskurð um sveitfesti nefnds

þurfalings eftir að áfrýjunarfresturinn var liðinn. Verður þessvegna úrskurður ráðuneytisins ekki lagður til grundvallar um sveitfestina. Kemur þá til álita, hvort leggja beri til grundvallar úrskurð sýslumannsins í Húnavatnssýslu. Það verður nú að teljast meginregla í fátækralögum nr. 43 frá 1927, sbr. einkum 65. og 57. gr. þeirra, að yfirvald geti ekki úrskurðað skyldur á hendur sveitarfélagi samkv. lögnum fyrr en forráðamönnum sveitarfélagsins hefir verið gefinn kostur á að taka afstöðu til, hvort skyldan sé réttmæt eða ekki. Þessa meginreglu braut sýslumaður Húnavatnssýslu, þegar hann gerði Ytri-Torfustaðahrepp að taka þátt í framfærslu Sigfríðar Ástu Bjarnadóttur. Hefir sýslumaður þannig með úrskurðinum farið út fyrir þau takmörk, sem fátækralögin settu um skyldur sveitarfélaga. Úrskurðurinn er því markleysa að því leyti, að hann getur ekki orðið lagður til grundvallar um sveitfestina, enda ekkert því til fyrirstöðu að sýslumaður geti tekið málið aftur til úrskurðar á lögmætan hátt. Þar sem ekki liggur fyrir löglegur yfirvaldsúrskurður um sveitfesti téðrar konu og dómstólana brestur heimild til að dæma um sveitfesti þurfalinga, þá þykir bera að sýkna áfrýjanda að svo stöddu af kröfum stefnda í máli þessu. Samkvæmt þessu verður að ómerkja hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Eggert Claessen f. h. Fremri-Torfustaðahrepps, á að svo stöddu að vera

sýkn af kröfum stefnda Ólafs Þorgrímssonar f. h. Geðveikrahælisins á Kleppi, í máli þessu. Svo skal og hin áfrýjaða fjárnámsgerð vera ómerk.

Málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 7. maí f. á. af Ólafi Þorgrímssyni, lögfræðingi hér í bæ f. h. Geðveikrahælisins á Kleppi gegn hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps í Vestur-Húnavatnssýslu f. h. hreppsins, til greiðslu sjúkrakostnaðar sjúklingsins Sigfríðar Ástu Bjarnadóttur (nafnið misritað á reikningi stefnanda „Sigriður“) á gamla spítalanum á Kleppi til ársloka 1932 að upphæð kr. 2740.50 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafélagsins kr. 253.30.

Stefnd hefir krafizt þess aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi á þeim grundvelli að engin heimild sé til þess að fara með það fyrir gestaréttinum.

Til vara hefir hún krafizt sýknu og til þrautavara, að hin umstefnda skuld verði lækkuð að miklum mun. Loks hefir hún krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins hvernig sem málið fer.

Stefnandi hefir hins vegar mótmælt framangreindum varnarástæðum stefndrar og haldið fast við kröfur sínar í málinu.

Að því er frávisunarkröfuna snertir þá þykir verða að fallast á það hjá stefnanda að svo líkt standi á um sjúkrahús og þá, sem taldir eru upp í 1. gr. laga nr. 59 frá 10. nov. 1905, að þau falli undir nefnd lagaákvæði, og sé heimilt að reka mál út af sjúkrakostnaði, sem fyrir þau er stofnaður fyrir gestarétti í þeirri þinghá, þar sem þau eru starfrækt og verður frávisunarkrafa stefndrar ekki tekin til greina.

Sýknukröfuna reisir stefnda á því, að hreppnum se sjúkrahúsvist nefnds sjúklings algerlega óviðkomandi. En þar sem stefnandi hefir lagt fram stjórnarráðsúrskurð, er þykir verða að leggja til grundvallar við dóm í málinu þess efnis að umræddur sjúklíngur skuli teljast sveitlægur í Fremri-Torfustaðahreppi og beri hreppnum að greiða geðveikrahælinu á Kleppi áfallinn dvalarkostnað sjúklíngsins fram á árið 1929 þá að upphæð kr. 1096.50, hefir sýknukrafan ekki við rök að styðjast og verður því ekki tekin til greina.

Að því er þrautavarakröfuna snertir hefir stefnd ekki véfengt það að sjúklíngur þessi hafi dvalið á geðveikrahælinu til ársloka 1932 eða rökstutt hana á annan hátt og verður hún því heldur ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verða þá úrslit máls þessa þau, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina, að öðru leyti en því, að vextirnir ákveðast 5% p. a.

Föstudaginn 27. marz 1936.

Nr. 75/1935. **Loftur Þorsteinsson**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Vélsmiðjunni Héðinn
(Einar B. Guðmundsson).

Vangreidd laun samkv. vinnusamningi.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. apríl 1935: Kærður, vélsmiðjan Héðinn, skal vera sýkn af kröfum kærands, Lofts Þorsteinssonar í máli þessu og falli málskostnaður niður.

Dómur hæstaréttar.

Með stefnu, útgefinni 8. ágúst f. á., hefir áfrýjandi skotið máli þessu til hæstaréttar og gert þær réttarkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og